



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/HGS

Rvk. 3. nóv.2003

Sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir, 88. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Í frumvarpinu eru lagðar til fjórar meginbreytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir laganna hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 eða um 2,5%. Í öðru lagi er lögð til breyting á útreikningi vaxtabóta með það að markmiði að draga úr hvata til frekari skuldsetningar hjá heimilunum. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott. Í fjórða lagi að kveðið verði á um framlengingu á sérstökum tekjuskatti um tvö ár, jafnframt því sem hann verði lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005.

Hækkun viðmiðunarfjárhæða um 2,5%

Forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir 2,5% hækkun verðlags milli árana 2003 og 2004 en að laun, skv. launavísitölu Hagstofunnar, hækki um 5%. Samkvæmt þeim forsendum mun kaupmáttur launa aukast um tæplega 2,5% að meðaltali. Samkvæmt frumvarpinu hækkar persónuafsláttur um 2,5% og verður kr. 27.495 á mánuði. Þessar forsendur fela í sér að skattbyrði tekjuskattsins eykst og má sem dæmi nefna að skattbyrði 250 þús. kr. mánaðarlauna eykst um 0,25%. Samtök atvinnulífsins eru almennt fylgjandi sem breiðustum skattstofnum og sem lægstum hlutföllum. Í ljósi fyrirhugaðra lækkana tekjuskattshlutfallsins á komandi árum telst það æskileg þróun að vægi persónuafsláttarins minnki í tengslum við lækkun tekjuskattshlutfallsins.

Útreikningur vaxtabóta

Í frumvarpinu er lögð til lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5%. Í greinargerð með frumvarpinu segir að rökin fyrir breytingunni séu þau að frá því að núverandi viðmiðunarmörk voru sett hafi raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Þegar ákveðið var að taka viðmiðunina upp árið 1993 hafi raunvextir af húsbrefum verið 6% og af lánum lífeyrissjóða 7%. Frá þeim tíma hafi vextir lækkað umtalsvert og nú séu húsbrefavextir 5% og vextir af lánum lífeyrissjóða um 5,5- 6%. Í ljósi þessarar þróunar sé eðlilegt að ofangreint hlutfall breytist í samræmi við langtíma vexti af



íbúðalánum og þar með verði dregið úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði. Samtök atvinnulífsins taka undir ofangreind sjónarmið, þ.e. að eðlilegt sé að lækka þakið í ljósi lækkunar raunvaxta á undanförmum árum og að dregið sé úr hvata til skuldsetningar, einkum í ljósi þess að íslensk heimili eru einhver þau skuldsettustu í heiminum

Brottfall laganna um alþjóðleg viðskiptafélög

Í frumvarpinu er mælt fyrir um brottfall þeirra ákvæða sem sett voru í tengslum við setningu laga nr. 31/1999 um alþjóðleg viðskiptafélög. Starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga er miklum takmörkunum háð, en þau mega t.d ekki stunda viðskipti með vörur sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur ekki til og þær mega ekki eiga uppruna sinn hér á landi. Alþjóðlegu viðskiptafélögin bera 5% tekjuskatt og engan eignarskatt. Þau rök sem sett eru fram fyrir brottfalli laganna eru annars vegar þau að aðeins 6 félög séu með starfsemi í dag sem sýni að þær vonir sem bundnar voru við umrædd lög hafi ekki gengið eftir og hins vegar að lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18% og lækkun eignarskatta hafi gert löggin að mestu óþörf.

Stjórnvöld komu á fót lagaumhverfi fyrir alþjóðleg viðskiptafélög vorið 1999 í þeim tilgangi að örva erlenda fjárfestingu á Íslandi og gera Ísland samkeppnishæft við önnur ríki sem bjóða upp á skattalegar ívilnanir í tengslum við afmarkaða tegund starfsemi eða tiltekin eignarréttindi. Ljóst er að markaðssetning á slíku nýju lagaumhverfi tekur töluverðan tíma á alþjóðavettvangi, rétt eins og sýnt hefur sig með markaðssetningu hérlendra skuldabréfa fyrir erlendum fjárfestum sem búið var að reyna í mörg ár áður en þeir tóku að kaupa íslensk húsbref í nokkrum mæli. Lög um alþjóðleg viðskiptafélög hafa aðeins verið í gildi í um 4 ár og því tæplega fullreynt hvort Ísland nái að festa sig í sessi sem ákjósanlegur staður fyrir félög af þessu tagi. Í því efni ber að hafa í huga að sérstaða Íslands verandi utan ESB mun væntanlega auka aðdráttarafl landsins fyrir þessa tegund félaga á næstu misserum.

Ef það er vilji löggjafans að hverfa frá fyrri ákvörðunum sínum um lögfestingu slíks sérhæfðs starfsumhverfis hér á landi vilja SA af því tilefni minna á bréf til fjármálaráðherra dags. 5. september sl. þar sem bent var á brýnar úrbætur á ákvæðum tekjuskattslaga hvað viðkemur reglum um söluhagnað, arð og þóknanir (sjá fylgiskjal með umsögn þessari). Þeim tillögum er ætlað að greiða leið erlendra fjárfesta til Íslands og sporna við þeirri þróun að hérlendir aðilar flytji fjármagn sitt í auknum mæli út úr landinu með stofnun eignarhaldsfélaga erlendis. Er þar vísað til sambærilegra fordæma í Danmörku, Svíþjóð og Írlandi. Að mati SA er brýnt að farið verði í þessar breytingar sem allra fyrst til að auka samkeppnishæfni Íslands og vega upp á móti afnámi laga nr. 31/1999, ef það verður niðurstaða þingsins.

Framlenging sérstaks tekjuskatts um tvö ár

Samkvæmt gildandi lögum verður sérstakur tekjuskattur 5% við álagningu á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003. Í frumvarpinu er lagt til að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur um tvö ár, en jafnframt lækkaður í tveimur áföngum. Lagt er til að við álagningu á árinu 2005 verði skatturinn 4% vegna tekna ársins 2004 og lækki síðan í 2% við álagningu á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005. Skattgreiðslur hefjast við 350 þús. kr. mánaðarlaun hjá einstaklingi og 700 þús. kr. hjá hjónum.

Lög um sérstakan tekjuskatt voru fyrst sett með lögum nr. 111/1992. Samkvæmt lögnum skyldi skatturinn gilda tímabundið í tvö ár og greiðast árin 1994 og 1995 vegna tekna árána 1993 og 1994. Skatthlutfallið var 5% vegna mánaðarlauna yfir 200 þús. kr. hjá einstaklingi



og 400 þús. kr. hjá hjónum. Séu þessar fjárhæðir framreiknaðar með launavísitölu nema þær rúmlega 350 og 700 þús. kr.

Þessi skattur var upphaflega lagður á í tengslum við víðtækar efnahagsaðgerðir sem m.a. fólu í sér afnám aðstöðugjalds, veltuskatts sem rann til sveitarfélaga. Meginmarkmið efnahagsaðgerðanna var að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs, hamla gegn auknu atvinnuleysi, skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta og arðbærri fjárfestingu og leggja þannig grunn að auknum hagvexti. Forsenda árangurs í þessum efnum var að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og lánsfjárbörf annarra opinberra aðila. Þessi skattur var upphaflega hugsaður og kynntur sem tímabundinn skattur til tveggja ára eða þar til fjármagnstekjuskattur kæmi til framkvæmda.

Sérstakur tekjuskattur var framlengdur um eitt ár með lögum 363/1994 til þess að fjármagna skattfrelsi hluta af lífeyrisgreiðslum og niðurfellingu sérstaks eignarskatts. Að þeim tíma loknum skyldi fjármagnstekjuskattur leysa hann af hólmi. Þessi framlenging þótti réttlætanager í ljósi þess að gildistaka fjármagnstekjuskatts frestaðist. Þegar lög um fjármagnstekjuskatt voru loks samþykkt árið 1996 þá brá svo við að sérstaki tekjuskatturinn var framlengdur og hefur svo verið gert síðan með vísan til almennra athugasemda án sérstaks rökstuðnings fyrir framlengingunni.

Tekjuskattkerfi með einu skatthlutfalli og tiltölulega háum persónuafslætti var tekið upp af stjórnvöldum árið 1988 í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Kerfið leysti af hólmi þriggja þrepa tekjuskatt til ríkisins auk útsvars til sveitarfélaga. Mikilvægur þáttur kerfisins er staðgreiðsluþátturinn, en skatturinn byggir á samtímauppgjöri tekjuskatts þannig að eftirágreiðsla við lokauppgjör skattstjóra verður lítil sem engin. Þannig eignuðust stjórnvöld hagstjórnartæki sem jafnaði efnahagssveiflur sem leysti af hólmi eftirágreiðslukerfi tekjuskatts sem magnaði þær.

Það er afar mikilvægur eiginleiki tekjuskattkerfisins að það sé einfalt, möguleikar á undanskoti tekna séu litlir og skattgrunninn sé breiður með því að inn í hann séu dregnar allar tekjur og frádráttarliðir séu sem fæstir. Það ásamt hóflegum jaðarskatti og jaðaráhrifum gegnum tekjutengingar hvetur til bættra skattskila.

Sérstaki tekjuskatturinn hefur frá upphafi verið stílbrot á því tekjuskattkerfi sem tekið var upp 1988. Hann hefur verið greiddur eftir á og jaðarskatturinn verið það hár að hvatning til undanskota hefur verið töluverð af hans völdum. Það er því fagnaðarefni að stjórnvöld sjái sér loks fært að hætta ítrekuðum „tímabundnum“ framlengingum þessa skatts. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort ekki sé of hægt farið í sakirnar og ástæða til að hætta álagningu skattsins fyrr en áformað er í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Geir H. Haarde
fjármálaráðherra
Arnarhvoli

150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 05.09.2003

Efni: Áherslur í skattamálum

Skattahópur Samtaka atvinnulífsins hefur undanfarið fjallað sérstaklega um möguleika þess að aðlaga enn frekar íslensk skattalög að alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hvað varðar skattlagningu arðs, söluhagnaðar og þóknana til félaga sem skráð eru erlendis. Á sama grundvelli hefur skattahópurinn horft til gildandi ákvæða um skattlagningu hagnaðar erlends félags af sölu eignarhluta í íslensku félagi. Algengt er að tvísköttunarsamningar geymi ákvæði sem fella brott skattskyldu af slíkum tekjum jafnt inn sem út úr landinu. Skattskyldan er hins vegar ótvíræð í dag samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, þ.e. að af söluhagnaði og arði greiðist 15% tekjuskattur og af þóknunum 18%. Hvað varðar arðinn eru þannig ólíkar reglur eftir því hvort arður er greiddur frá hérlendu félagi til annars íslensks félags eða til félags sem skráð er erlendis, þ.e. 0% milli íslenskra félaga en 15% ef greiddur til félags skráð með skattalega heimilisfesti erlendis. Þá kveða lögin á um 18-26% skatt á söluhagnað erlends félags í íslensku félagi.

Framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra skattalaga hefur reynst erfið, ekki síst þar sem oft er erfið fyrir skattyfirvöld að fá upplýsingar um söluverðmæti eða þóknana greiðslur. Ýmis af nágrannalöndum okkar, s.s. Danmörk, Svíþjóð og Írland hafa stigið það skref að afnema skattskyldu á söluhagnaði og arði bæði inn og út úr landinu í skattalöggjöf sinni og þannig aukið frekar á aðdráttarafl sitt sem ríki sem bjóða upp á hagstætt skattaumhverfi fyrir erlenda fjárfesta. Að mati Samtaka atvinnulífsins skiptir miklu máli að sem best samvinna sé á milli stjórnvalda og atvinnulífs um að búa íslensku atvinnulífi þær bestu aðstæður sem þekkjast. Fjárfestingaumhverfið er eitt af lykilatriðunum í því sambandi. Í ljósi þess leggja SA til meðfylgjandi breytingar á lögum nr. 90/2003, en þær miða að því að fara svipaða leið og fyrrgreindar þjóðir og fella brott eða lágmarka skattskyldu af bæði söluhagnaði og arði sem og af greiddum þóknunum út úr landinu og að færa ákvæði um skattskyldu söluhagnaðar inn til landsins í sama horf og gildir um arð sem greiddur er frá erlendu félagi til Íslands.

SA leggja áherslu á að þessar breytingar eiga ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs, þar sem tekjur af þessum þáttum hafa verið í algeru lágmarki. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að slíkar betrubætur á skattalögnum muni greiða leið fjölda erlendra fjárfesta til Íslands og sporna á móti þeirri þróun að íslenskir aðilar flytji fjármagn sitt í vaxandi mæli út úr landinu með stofnun eignarhaldsfélaga á erlendri grundu.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald,
framkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Sími:
591 0000

Bréfsími:
591 0050

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt

1. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 6. tölul. fellur brott og töluröð seinni tölul. breytist skv. því
- b. í stað orðanna “þar með talinn söluhagnað” í 6. tölul. (áður 7. tölul.) kemur: “þó ekki söluhagnað”
- c. í stað orðanna “4.-8. tölul.” í 7. tölul. (áður 8. tölul.) kemur: 4.-6. tölul.
- d. í stað orðanna “4.-8. tölul.” í 8. tölul. (áður 9. tölul.) komi: orðin “4.,5. og 7. tölul.”

2. gr.

Ný 5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo (röð annara mgr. breytist samkvæmt því):

Hagnaður lögaðila, sbr. 1. mgr. 2. gr., af sölu eignarhluta í óskráðum hlutafélögum er þó undanþeginn skattskyldum tekjum. Sama gildir um sölu eignarhluta í skráðum hlutafélögum, enda hafi eignarhluti seljenda numið a.m.k. 10% af heildarhlutafé í þeim félögum sem hann er seldur úr og hann hafi verið í eigu seljanda í að lágmarki í 12 mánuði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

- a. Talan “7” í 2. másl., 1. mgr. 2. tölul. fellur niður
- b. Ný málsgr., 2. mgr. 2. tölul., orðast svo: Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 6. tölul. 3. gr., skal nema 10% af tekjuskattsstofni þeirra. Arður af hlutafé greiddur af óskráðu félagi, sbr. 1. tölul. 2. gr., til lögaðila heimilisfastra erlendis er þó undanþeginn skatti, ef erlendi lögaðilinn er heimilisfastur í ríki sem gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við. Sama gildir um arð af hlutafé sem greiddur er af skráðu félagi ef erlendi lögaðilinn á a.m.k. 10% eignarhlutdeild í félaginu sem greiddi arðinn og hefur átt eignarhlutinn í að lágmarki 12 mánuði..
- c. Talan “6” í 3. tölul. fellur brott.
- d. Talan “8” í 3. tölul. verði talan 7.
- e. Orðið “söluhagnaður” í 1. másl. 4. tölul. fellur niður

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 75. gr. laganna: Í stað orðanna “5.-8. tölul.” kemur: 5. og 7. tölul.

Greinargerð með frumvarpi

I. Almennt

Tilgangur frumvarpsins er að gera tilteknar tæknilegar breytingar á tekjuskattslögum til samræmis við fyrri aðlaganir íslensku skattalaganna að þörfum íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, svo og til samræmis við þróun skattalaga í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.



Að mati frumvarpshöfunda er ekki ástæða til að óttast að niðurfelling eða mildun á takmarkaðri skattskyldu erlendra aðila hér á landi muni hafa áhrif á samningsstöðu Íslands í samningum við önnur ríki um lausn undan tvísköttun. Meginatriðið í slíkum samningum er að bjóða væntanlegum samningsríkjum sömu reglur og gilda fyrir hérlanda aðila og stuðla þannig að því að fá samskonar tilslakanir af þeirra hálfu og betri skattakjör fyrir íslenska einstaklinga og fyrirtæki. Flestar hinna Norðurlandþjóðanna og t.d. Hollendingar hafa farið þessa leið með góðum árangri, sem hefur skapað þeim alþjóðlegt skattaumhverfi innanlands og þannig greiða leið fólks og fjármuna milli landa.

II. Athugasemdir við einstakar greinar

Um 1. gr.

A-liður: Hér er lagt til að skattskylda erlendra aðila af tekjum vegna afnota á lausafé og einkaleyfum og öðrum óáþreifanlegum réttindum verði afnumin. Í framkvæmd hefur þessu ákvæði ekki verið beitt og því hefur þessi breyting ekki í för með sér tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð. Þá má taka fram að í þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við aðrar þjóðir er jafnan kveðið á um að slíkar þóknar séu eingöngu skattlagðar í heimilisfestisríki. Með afnámi skattskyldu þóknana af hugverkum og sérþekkingu verður Ísland áhugaverðari kostur til skráningar þess háttar réttinda hér á landi. Þá ber að líta til þess að ekki er tekinn staðgreiðsluskattur af slíkum greiðslum milli innlendra aðila, en mismunun milli þeirra og þess þegar EES-þegnar eiga í hlut, gæti farið í bága við skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum.

B-liður: Lagt er til að skattskylda erlendra aðila af sölu hlutabréfa í íslenskum félögum verði afnumin. Ákvæðið hefur reynst illfrankvæmanlegt, auk þess sem það er í ósamræmi við þær reglur sem í gildi eru hjá þeim þjóðum sem við berum okkur ofast saman við í þessum eignum. Þá hefur ákvæðið ekki skapað ríkissjóði tekjur, þar sem því hefur ekki verið beitt í framkvæmd. Hafa má í huga að íslensk fjármálafyrirtæki hafa í auknum mæli verið að sækja á erlenda markaði og í því efni tekið að sér fjárvörslu og eignausýslu fyrir erlenda aðila. Sú þróun er mikilvægt mótvægi við aukinn brottflutning fjármagns í eigu íslenskra aðila til annarra landa. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um skattalega meðferð söluhagnaðar af hlutabréfum kjósa hins vegar flestir hinna erlendu fjármagnseigenda aðrar leiðir en beina fjárfestingu í hlutabréfum. Þessi aðstaða dregur mjög úr möguleikum á að laða hingað erlent fjármagn til ávöxtunar.

C-liður: Hér er einungis verið að aðlaga tilvísanir í töluliði til samræmis við aðrar breytingartillögur greinarinnar.

D-liður: Lagt er til að takmörkuð eignarskattskylda á hlutum í íslenskum félögum verði afnumin til samræmis við það sem gerist í flestum viðskiptalöndum. Sama á við hér og í B-lið, þ.e. að ákvæðið hefur verið illfrankvæmanlegt og ekki skapað ríkissjóði eiginlegar tekjur. Þá er jafnan kveðið á um það í tvísköttunarsamningum að þessi skattlagningarréttur tilheyri ekki Íslandi. Horfa ber til þess að þetta breytir ekki almennum reglum um eignarskattskyldu íslensku félaganna. Áfram er gert ráð fyrir því að eignir fastrar atvinnustöðvar erlendra aðila hér á landi og fasteignir þeirra verði háðar takmarkaðri eignarskattskyldu, þar til eignarskatturinn verður afnuminn í heild sinni.

Um 2. gr.

Lögð er til sú breyting að hagnaður lögaðila af sölu eignarhluta í óskráðum hlutafélögum verði undanþeginn skattskyldu og að það sama gildi um hagnað lögaðila vegna sölu eignarhluta í skráðum hlutafélögum eftir lágmarks eignarhaldstíma og að tilskyldu 10% eignarhaldi. Er þetta gert til samræmis við svipaðar reglur sem gilda í



ýmsum viðskiptalöndum okkar, t.d. í Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi, Lúxemborg og Hollandi. Þá ætti þessi breyting að stuðla að því að íslenskir aðilar sjái sér síður hag í því að skrá eignarhaldsfélög sín í öðrum ríkjum, eins og borið hefur á í auknum mæli á undanförunum árum. Breytingin ætti ekki að hafa teljandi áhrif á tekjur ríkissjóðs af félögum sem skráð eru innanlands í dag því að þau geta samkvæmt gildandi lögum tekið hagnað sem myndast í dótturfélaginu út í formi arðs, sem er skattfrjáls, auk þess sem þau hafa möguleika á að fresta skattskyldu söluhagnaðar skv. núgildandi ákvæði 5. mgr. 18. gr.

Um 3. gr.

A-liður: Sjá umfjöllun um B-lið.

B-liður: Í fyrsta lagi er lagt til að almennt staðgreiðsluskattshlutfall á arði milli innlendra og erlendra félaga verði 10%, eins og nú gildir milli innlendra félaga, en nauðsynlegt er vegna aðildar okkar af Evrópska efnahagssvæðinu að sömu reglur gildi að þessu leyti um innlenda og erlenda aðila. Þá er lagt er til að arður greiddur af félagi skráðu á Íslandi til félags með heimilisfesti erlendis verði skattfrjáls við ákveðin skilyrði. Þessi breyting er einnig til samræmis við skattalög í Danmörku, Svíþjóð og Írlandi og er til þess fallin að ýta undir erlenda fjárfestingu hér á landi. Þá eru sambærilegar arðgreiðslur almennt ekki skattskyldar í Bretlandi, eða á milli landa innan Evrópusambandsins.

C-E liður: Síðari breytingartillögurnar í þessari grein er einungis tæknilegar, til samræmis við aðrar breytingartillögur í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Lagt er til að tilvísun í töluliði verði breytt til samræmis við þær efnisbreytingar sem frumvarpið geymir.